



### ***Fab Lab í Breiðholti - nýr samningur til þriggja ára***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða samstarfsyfirlýsingu og nýjan samstarfssamning um Fab Lab í Breiðholti. Kostnaður greiðist af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð. Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2022 og 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlana.

#### *Greinargerð:*

Fab Lab Reykjavík var stofnað sem samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Fjölbautaskólans í Breiðholti árið 2014.

Starfsemi þess hefur þjónað íbúum, grunnskólanemendum og kennurum, framhalds- og háskólum sem vettvangur nýsköpunar og tækifæri til lærdóms og þróunar. Aðsókn hefur vaxið umtalsvert á þeim árum sem það hefur starfað og gegnir starfsemin sífellt mikilvægara hlutverki fyrir borgarbúa á öllum aldri sem vilja koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Sem dæmi hefur aðsóknin tvöfaldast frá undirritun síðasta samnings frá árinu 2018.

Samningur um áframhaldandi þróun og starfsemi Fab Lab Reykjavík milli Reykjavíkurborgar, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Fjölbautaskólans í Breiðholti.

Ráðuneytin meira en tvöfalda hlutdeild ríkisins í samningnum í ljósi mikils vaxtar á starfseminni en framlag þeirra fer úr 7 milljónum upp í 18 milljónir.

Framlag Reykjavíkurborgar eykst frá fyrri samningi en sú aukning er í takt við launabreytingar sem hafa orðið á samningstímanum þar sem framlag borgarinnar greiðir eitt stöðugildi starfsmanns.

Fab Lab Reykjavík er leiðandi aðili á sínu sviði hér á landi og mun áfram aðstoða ofangreinda aðila s.s. grunnskóla við að þróa nám og þekkingu með margvíslegum hætti. Dæmi um þetta er útgáfa námsefnis um Skapandi námsfélag, innleiðing nýrra kennsluáðferða í vísindastarfi og stuðningur við uppbyggingu sköpunarvera í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Fab Lab hefur verið mikill aflagjafi jákvæðrar samfélagsþróunar í Breiðholti og tengt saman fjölda hugmynda við drífandi fólk úr hverfinu, borginni og landinu öllu. Með nýjum samningi sammælast samningsaðilar um að halda áfram því kraftmikla starfi sem hér hefur verið byggt upp og efla það til framtíðar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samningur um Fab Lab í Reykjavík

Samstarfsyfirlýsing um Fab Lab í Reykjavík

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB), kt. 590182-1099, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 (RVK) og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, kt. 710812-0120 hér eftir nefndir samstarfsaðilar gera með sér eftirfarandi

## **Samstarfssamning**

um rekstur stafrænnar smiðju, Fab Lab Reykjavík, í húsnæði FB, Austurbergi 5.

### **1. gr.**

#### **Markmið samningsins**

Markmið samningsins er að skilgreina samstarf og hlutverk samstarfsaðila varðandi rekstur stafrænnar smiðju undir heitinu Fab Lab Reykjavík.

### **2. gr.**

#### **Markmið verkefnisins**

Markmið með starfsemi Fab Lab Reykjavík er að auka þekkingu og leikni nemenda, kennara, almennings og innan atvinnulífs á persónumiðaðri nýsköpunarvinnu og stafrænum framleiðsluaðferðum. Verkefninu er ætlað að styðja við þátttöku og áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum og auka tæknilæsi, skapandi starf og frumkvöðlamennt. Markmið verkefnisins er enn fremur að skapa vettvang fyrir þróun og prófun hugmynda og efla þannig samkeppnishæfni í nærsamfélagi.

Fab Lab Reykjavík er hluti samstarfsnets Fab Lab smiðja á Íslandi og tengist jafnframt alþjóðaneti Fab Lab smiðja, Fab Foundation við Massachusetts Institute of Technology (MIT). Þeim samstarfsvettvangi er ætlað að tryggja þekkingaryfirfærslu og faglega þróun starfsmanna.

### **3. gr.**

#### **Hlutverk samstarfsaðila vegna reksturs Fab Lab Reykjavík**

Samhliða samning þessum er samstarfsyfirlýsing sem staðfestir sérstakt framlag mennta- og menningarmálaráðuneytis til Fjölbrautaskólans í Breiðholti vegna Fab Lab Reykjavík.

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Breiðholti:

- FB ber ábyrgð á starfsemi Fab Lab Reykjavík og hefur umsjón með daglegum rekstri smiðjunnar, greiðir reikninga og innheimtir gjöld.
- Forstöðumaður Fab Lab Reykjavík er starfsmaður FB. Hann skipuleggur og stýrir starfsemi smiðjunnar í umboði skólameistara.
- FB leggur til húsnæði fyrir starfsemi Fab Lab Reykjavík og greiðir fyrir rekstur húsnæðis, en það felur í sér húsaleigu, net- og samskiptakostnað, vatn og hita, sorphirðu, rafmagn, þríf og öryggismál.
- FB hefur umsjón með viðhaldi véla og tækja.
- FB mun bjóða upp á einingabært nám í Fab Lab Reykjavík. Kennarar sem koma að kennslu í áföngum Fab Lab Reykjavík gera það á kostnað og ábyrgð FB.
- Aðstaða og tækjabúnaður Fab Lab Reykjavík er nýtt af almenningi í opnum tímum. Einnig geta kennarar í grunnskólum borgarinnar nýtt aðstöðuna til kennslu námshópa og til endurmenntunar eftir nánara samkomulagi við Fab Lab Reykjavík.

Framlag Reykjavíkurborgar:

- Reykjavíkurborg greiðir árlega 11,5 milljónir króna til verkefnisins, alls 34.500.000 kr. Á samningstímanum. Þeim fjármunum verður varið til að greiða laun sérfræðings í fullri stöðu. Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2022 og 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlana.

Fjárhagslegt framlag atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis:

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir árlega 10 milljónir króna án vsk til Fjölbautaskólans í Breiðholti, alls 30.000.000 kr. á samningstímanum. Þessir fjármunir skulu nýttir til að standa straum af rekstri Fab Lab Reykjavík. Greitt verður af fjárlagalið 04-528 í tveimur jöfnum greiðslum á ári; 1. mars kr. 5.000.000 og 1. september kr. 5.000.000. Með þessu framlagi falla niður allar fyrri skuldbindingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands gagnvart Fab Lab Reykjavík.

#### **4. gr.**

##### **Nánar um greiðslu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis**

Ráðuneytið leggur fjárhæðir samkvæmt samningi þessum inn á bankareikning í Íslandsbanka 537-26-50161. Reikningseigandi er Fjölbautaskólinn í Breiðholti, kt. 590182-1099.

Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um að taki fjárheimildir málasviðs og málaflokks breytingum í fjárlögum, sem hafi för með sér breytta fjárveitingu til verkefnisins munu samningsaðilar taka upp viðræður um aðlögun verkefnisins að breyttri fjárveitingu. Ef gerðar eru almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til tiltekins málaefnasviðs þá er ráðuneytinu heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk samningsaðila.

#### **5. gr.**

##### **Stjórn Fab Lab Reykjavík**

Hver samningsaðili tilnefnir einn fulltrúa og einn varamann í stjórn Fab Lab Reykjavík. Varamenn geta setið fundi en hafa ekki atkvæðisrétt ef viðkomandi fulltrúi mætir einnig. Stjórnin útfærir nákvæma fjárhagsáætlun um stofn- og rekstrarkostnað til samþykkis fyrir samningsaðila. Stjórn samþykkir starfsáætlun fyrir Fab Lab Reykjavík. Skólameistari FB skal vera formaður stjórnar.

#### **6. gr.**

##### **Markmiðssetning, árangursmat og eftirlit með rekstri**

Stjórn Fab Lab Reykjavík skilgreinir markmið starfseminnar og gerir grein fyrir mælikvörðum árangurs. Til að fá samanburðarhæfar upplýsingar um starfsemi smiðja um allt land verða skilgreindir lykilmælikvarðar sem gera þarf grein fyrir í ársuppgjörum.

Forstöðumaður Fab Lab Reykjavík gerir tillögu til stjórnar um starfsáætlun, verkefni og framkvæmd og fylgir eftir ákvörðunum stjórnar. Stjórn samþykkir ítarlega fjárhags- og rekstraráætlun fyrir upphaf hvers starfsárs. Niðurstöður reksturs og árangursmats skulu birtar í árlegri skýrslu stjórnar fyrir 15. febrúar hvert ár. Jafnframt skal birta skýrslu stjórnar frá sama tíma á vef Fab Lab Reykjavík.

#### **7. gr.**

##### **Svæðisbundið samstarf**

Heimilt er að semja við fleiri aðila um þátttöku og samstarf um rekstur smiðjunnar s.s. hlutdeild í launa- og rekstrarkostnaði. Stjórn Fab Lab Reykjavík hefur frumkvæði að því að afla nýrra samstarfsaðila og annast samninga við þá.

#### **8. gr.**

##### **Samningstími**

Samstarfsamningurinn gildir til þriggja ára, til ársloka 2023. Samningurinn leggur engar kvaðir á samningsaðila um framhald verkefnisins að samningstíma liðnum. Það er þó ásetningur samstarfsaðila að halda samstarfinu áfram til lengri tíma þannig að stafrænar smiðjur séu hluti af nýsköpunarþjónustu svæðisins.

## 9. gr.

### **Breytingar og uppsögn**

Ekki er hægt að breyta þessum samningi nema með skriflegu samkomulagi samningsaðila. Ekki er heimilt að framselja þennan samning. Um þátttöku annarra aðila, ef til kemur, skal samið sérstaklega með vísan til þessa samnings, sbr. 2. málsgrein 5. greinar.

Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining sem upp kann að koma vegna efnis þessa samnings. Takist þeim það ekki skal Héraðsdómur Reykjavíkur skera úr um ágreininginn.

Heimilt er að rifta samningi þessum ef talið er að um verulegar vanefndir sé að ræða. Ávallt skulu lögmæt sjónarmið vera skilyrði fyrir riftun samningsins.

Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.



## Samstarfsyfirlýsing

um rekstur stafrænnar smiðju, FabLab Reykjavík, í húsnæði FB, Austurbergi 5

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (ANR), mennta- og menningarmálaráðuneyti (MRN), Reykjavíkurborg og Fjölbrotaskólinn í Breiðholti (FB), hér eftir nefndir samstarfsaðilar, lýsa yfir vilja til samstarfs til að tryggja rekstur stafrænu smiðjunnar, Fab Lab Reykjavík, með árlegum framlögum og efla þannig þá nýsköpunarhugsun og frumkvöðlastuðning sem smiðjur af þessu tagi veita nemendum á öllum skólastigum, fyrirtækjum og almenningi. Verkefnið styður við nýsköpunaráherslu stjórnvalda og tengist eflingu starfsmenntunar og stafrænnar hæfniuppbyggingar. Stefnt er að því að tengja stafrænar smiðjur enn betur við aðra lykilaðila á sviði menntunar, rannsókna, menningar og atvinnulífs og auka þannig yfirsýn yfir nýsköpunarumhverfi á hverjum stað.

Með þessari samstarfsyfirlýsingu er dreginn fram sameiginlegur skilningur á mikilvægi þess hlutverks Fab Lab Reykjavíkur að auka þekkingu og leikni nemenda, kennara, almennings og innan atvinnulífs á persónumiðaðri nýsköpunarvinnu og stafrænum framleiðsluaðferðum. Samstarfið styður við þátttöku og áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum, aukið tæknilæsi og aðgengi að skapandi vinnuumhverfi. Sérstök áhersla er lögð á að smiðjan sjái um framkvæmd nýsköpunarkeppna og hraðla í samstarfi við skóla sbr. MEMA. Fab Lab Reykjavík mun einnig veita fyrirtækjum og nærsamfélagi þjónustu með þróun og prófun hugmynda á frumstigi með það að markmiði að efla nýsköpun og samkeppnishæfni.

FB ber ábyrgð á starfsemi og hefur umsjón með daglegum rekstri Fab Lab Reykjavíkur. Skólinn ásamt Reykjavíkurborg og ANR tilnefna einn aðalmann og einn varamann í stjórn Fab Lab Reykjavíkur. Stjórn samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun um stofn- og rekstrarkostnað og sér til þess að rekstraryfirlit sé birt. Skólameistari FB skal vera formaður stjórnar. Stjórn gerir með sér samstarfssamning um nánari skilgreiningu á ábyrgð, hlutverki og fjárhagslegri aðkomu hvers aðila að rekstrinum. Þá ákveður stjórn útfærslu á lykilmælikvörðum.

Stefnt er að því að veita 29,5 m.kr. á ári til rekstursins til næstu þriggja ára, með fyrirvara um breytingu á fjárheimildum til viðkomandi málaflokka í fjárlögum hvers árs. MRN leggur til 8 m.kr., ANR leggur til 10 m.kr. og Reykjavíkurborg leggur til 11,5. m.kr. FB leggur til aðstöðu og heldur utan um starfsemina sbr. nánar í samstarfssamningi aðila. Þar er einnig gerð ítarlegri grein fyrir eftirfylgni með gæðum starfsins og uppsagnarákvæðum.

Samstarfsyfirlýsing þessi er undirrituð rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni hennar og hafa fullt umboð til að staðfesta hana með undirritun sinni.

## Viðauki:

### Árangursmælikvarðar í starfsemi stafrænna smiðja

Samkvæmt samstarfssamningi um rekstur stafrænna smiðja skal setja fram lykilárangursmælikvarða til að meta árangur starfsins og auðvelda yfirsýn yfir starfsemina á landsvísu. Skilgreindir verða nokkrir sameiginlegir árangursmælikvarðar sem stafrænar smiðjur munu horfa til en einnig er gert ráð fyrir svæðisbundnum mælikvörðum sem valdir eru í samhengi við áherslur hvers svæðis. Með þessum hætti á að tryggja starf, sýnileika og rekstrargrundvöll stafrænna smiðja með samanburðarlegum hætti á landsvísu ásamt því að fylgja starfinu eftir með eftirtöldum árangursmælikvörðum:

<b>I. Notendur stafrænna smiðja</b>	<b>II. Lærdómssamfélag</b>
<p><i>Hvað ætlum við að mæla:</i> Dagleg aðsókn og aðgengi einstaklinga. <i>Hvernig ætlum við að mæla það?</i> Heildarfjöldi heimsókna frá notendum sem koma að eigin frumkvæði:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Fjöldi heimsókna frá nemendum utan hefðbundinnar kennslu).</li><li>b. Fjöldi annara sjálfstæðra notenda s.s grunnskólanemar, framhaldsskólanemar, háskólanemar, einstaklingar og fulltrúar fyrirtækja og atvinnulífs.</li></ul> <p>Fjöldi klukkustunda sem smiðjan er opin almenningi á viku.</p>	<p><i>Hvað ætlum við að mæla:</i> Aðgengi að þekkingu sem stuðlar að vexti lærdómssamfélagsins. <i>Hvernig ætlum við að mæla það?</i> Fjöldi heimsókna í fyrirlestra eða námskeið á vegum smiðjunnar:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Lengri námskeið yfir 3 klst.</li><li>b. Fjöldi örfyrirlestra undir 3 klst.</li></ul> <p>Fjöldi heimsókna í skipulagða kennslu í smiðjunni (kennari kennir sjálfstætt):</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Á vegum skólans.</li><li>b. Aðrir framhaldsskólar.</li><li>c. Grunnskólar.</li><li>d. Háskólar.</li></ul> <p>Fjöldi kennara sem kenna sjálfstætt í smiðjunni. Fjöldi kennara í endurmenntun og tækniþjálfun. Fjöldi skóla sem nýta sér smiðjuna til kennslu á hverri önn.</p>
<b>III. Kynningar og samstarfsverkefni</b>	<b>IV. Umsóknir, fjármögnun, hagnýting</b>
<p><i>Hvað ætlum við að mæla:</i> Miðlun efnis og sýnileika smiðjunnar. <i>Hvernig ætlum við að mæla það?</i> Aðsókn í kynningar:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Fjöldi kynninga.</li><li>b. Fjöldi skóla.</li><li>c. Fjöldi stofnana og fyrirtækja</li></ul> <p>Þátttaka í samstarfsverkefnum og viðburðum:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Innlend.</li></ul>	<p><i>Hvað ætlum við að mæla:</i> Aðsókn sprota. Áhrif á nýsköpunarumhverfi og þróun tæknilausna. <i>Hvernig ætlum við að mæla það?</i></p> <p><i>Fjöldi lífvænlegra sprota í þróun á ári.</i> Fjöldi þróunarverkefna:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Háskólanemenda.</li><li>b. Framhaldsskólanemenda.</li><li>c. Grunnskólanemenda.</li><li>d. Fyrirtækja og stofnana.</li></ul>

<p>b. Erlend.</p> <p>Skipulagning á samstarfsverkefnum og viðburðum:</p> <ol style="list-style-type: none"><li>Innlend.</li><li>Erlend.</li></ol> <p>Útgáfa kennsluefnis á vegum smiðjunnar</p> <ol style="list-style-type: none"><li>Blöðungar minna en 8 blaðsíður.</li><li>Handbækur meira en 8 blaðsíður.</li><li>Kennslumyndbönd.</li></ol> <p>Mat á virkni innan Fablab Ísland:</p> <ol style="list-style-type: none"><li>Þátttaka í samstarfsverkefnum.</li></ol>	<p>e. Einstaklinga.</p> <p>Fjöldi kynntra hugmynda úr smiðjustarfinu.</p> <p>Fjöldi klukkustunda í sérhæfðri tækniráðgjöf til sprota.</p> <ol style="list-style-type: none"><li>Fagleg ráðgjöf (fundir).</li><li>Sjálfstæð þróun frumgerða í smiðjunni.</li><li>Þróun frumgerða í nánu samstarfi við smiðjuna (handleiðsla).</li></ol> <p>Fjöldi verkefna sem hafa náð vexti út úr smiðjunni.</p>
--	---